

1968 20/9 Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1980 28/8 Kópavogi: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. og 38. gr. umferðarlaga.

Þegar öll atvik eru virt, ákærði hefur ekki fyrr hlotið refsisdóm fyrir hegningarlagabrot, og hann hefur bætt tjónið af brotinu, þykir unnt að ákveða að fresta skuli ákvörðun refsingar hans og að hún falli niður að liðnum tveim árum, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Guðmundur Þórir greiði annan helming sakarkostnaðarins og ríkissjóður hinn helminginn, m.a. málsvarnarlaun Arnar Höskuldssonar héraðsdómslögmanns að fjárhæð 8.000 krónur fyrir hvorn ákærðu um sig, samtals 16.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði K skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Ákvörðun um refsingu ákærða Guðmundar Þóris Halldórssonar skal fresta, og fellur refsíákvörðun niður eftir 2 ár, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Guðmundur Þórir greiði helming sakarkostnaðarins og ríkissjóður helming, m.a. málsvarnarlaun Arnar Höskuldssonar héraðsdómslögmanns að fjárhæð 8.000 krónur fyrir hvorn ákærðu um sig, samtals 16.000 krónur.

Mánudaginn 16. desember 1985.

Nr. 134/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Agli Hinrikssyni Hansen

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1985 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. ágúst 1985.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ríkissaksóknari ritaði yfirlækni geðdeildar Landspítalans bréf 21. október 1985 og óskaði eftir, að sér yrðu látnar í té eftirfarandi upplýsingar:

„1. Upplýsingar um dvöl Egils Hinrikssonar Hansen í geðdeild Landspítalans seinni hluta marsmánaðar 1984.

2. Upplýsingar um lyfjameðferð hans á meðan hann dvaldi þar.

3. Upplýsingar um hvaða lyf hann fékk til notkunar, er hann fór þaðan af deildinni, tegund lyfja og magn til neyslu dag hvern, svo og

4. Upplýsingar um það hvort mismunandi heiti er á lyfjum þeim, er hann fékk samkvæmt framansögðu, og ef svo er, hver þau heiti eru.“

Ákærði hafði samþykkt, að upplýsingar þessar yrðu veittar.

Í svari Jóhannesar Bergsveinssonar, yfirlæknis geðdeildarinnar, segir svo:

„Fyrirspurnin er í fjórum tölusettum liðum.

Eftirfarandi skal tekið fram sem svar við 1. lið fyrirspurnarinnar:

Egill Hinriksson Hansen var ekki innlagður á sjúkrahúsið til meðferðar á því tímabili, sem um ræðir, heldur kom hann daglega í heimsóknir á göngudeild áfengissjúklinga (deild 32 E) vegna meðferðar og til eftirlits. Þar fékk hann þá um leið þau lyf með sér heim, er hann átti að taka næsta sólarhringinn á eftir ásamt fyrirmælum um inntöku þeirra.

Eftirfarandi skal tekið fram sem svar við 2. tölulið fyrirspurnarinnar:

Hinn 9. mars 1984 var Egill H. Hansen settur í meðferð með eftirtöldum lyfjum:

Tabl. Concordin (protryptylum klórið) á 10 mg × 1 (að morgni).

Caps. Nobrium (medazepamum) á 5. mg × 4 á dag.

Tabl. Librium (chlordiazepoxidum) á 25 mg, 2 töflur (50 mg) fyrir svefn.

Tabl. Surmontil (trimipraminum maleat) á 25 mg, 2 töflur (50 mg) fyrir svefn.

Hann var síðan áfram í meðferð með þessum sömu lyfjum í óbreyttum skömmtum til 2. apríl 1984. Lyfin voru skömmtuð honum til eins sólarhrings í einu og fékk hann með sér, í merktum plastpokum, þann hluta sólarhringsskammtsins er hann ekki tók á staðnum.

Hvað 3. og 4. töluliði fyrirspurnarinnar áhrærir þá vísast fyrst til þess er þegar hefur verið greint frá undir 2. lið. Þar má bæta því við, að samkvæmt samheitaraskrá í Sérlyfjaskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir árið 1984, getur chlórdiaxepoxidum, eitt sér, verið í töfluformi hér á landi ýmist undir heitunum Librium eða Klórdiazepoxíð. Hin lyfin þrú eru eingöngu skráð undir þeim sérheitum, sem notuð voru hér að framan, en efnafræðileg heiti þeirra eru höfð með innan sviga.“

Hinn 18. október 1985 ritaði ríkissaksóknari dr. Þorkeli Jóhannessyni, forstöðumanni Rannsóknastofu í lyfjafræði, bréf og beiddist eftirfarandi upplýsinga:

„1. Hvað merkir „ng/ml“ í matsgerð nr. 553?

2. Er ósamræmi milli matsgerðar nr. 553 og umsagnar dags. 15. september 1983? Ef svo er, verði gerð grein fyrir því“.

Í svari dr. Þorkels Jóhannessonar 23. október 1985 segir svo:

„1. „ng/ml“ merkir nanógrömm í millilítra. Eitt nanógramm er einn billjónasti (10^{-9}) úr grammi. Eitt þúsund nanógrömm er sama og eitt míkrógramm (míkróg) eða einn milljónasti (10^{-6}) úr grammi. 0,5 míkróg/ml er því sama og 500 ng/ml.

2. Fullt samræmi er milli matsgerðar nr. 553, sem dagsett er 10.5. 1984, og umsagnar Rannsóknastofu í lyfjafræði, sem dagsett er 15.9. 1985 (sic).“

Þá hefur verið lögð fyrir Hæstarétt umsögn Magnúsar Jóhannssonar dósentis, deildarstjóra lyfjarannsóknadeildar Rannsóknastofu í lyfjafræði, en hann sendi lögreglustjóranum í Reykjavík 15. september 1983 og samin var í tilefni annars máls en hér er til umfjöllunar. Í umsögn þessari segir m.a. svo:

„1. Einstaklingar, sem hafa í blóði 0,5 míkróg/ml eða þar yfir af díazepamí, nordíazepamí eða nítrazepamí, eða af þessum efnum samanlögðum, verða að teljast ófærir að stjórna vélknúnu ökutæki. Þetta álit byggist á athugunum sem gerðar hafa verið á undan-

förnum árum. Má þar m.a. nefna athugun, sem gerð var á vegum Rannsóknastofu í lyfjafræði á 10 heilbrigðum og úthvöldum einstaklingum á besta aldri (mælinganiðurstöður þessarar rannsóknar birtust í ársskýrslu Rannsóknastofunnar 1979).

2. Ef samanlagt magn fyrr nefndra lyfja í blóði er um það bil 0,3 míkróg/ml, má ætla að um venjulega og ráðlagða notkun þessara lyfja hafi verið að ræða. Almennt er talið að eftir töku lækningalegra skammta sé venjulegt magn lyfjanna í blóði á bilinu 0,3 til 0,6 míkróg/ml. Um hæfni manna með um 0,3 míkróg/ml af þessum lyfjum í blóði til að stjórna vélknúnu ökutæki er erfitt að fullyrða vegna skorts á óyggjandi upplýsingum þar um.“

Við munnlegan flutning máls þessa fyrir Hæstarétti dró skipaður verjandi ákærða það í efa, að matsgerð Þorkels Jóhannessonar, sem rakin er í héraðsdómi og einkennd er nr. 553, ætti við rannsókn á blóðsýni því, er tekið var úr ákærða. Blóðsýni var tekið úr ákærða 22. mars 1984, merkt 171 og sent Rannsóknastofu í lyfjafræði með bréfi 26. s.m. eftir því sem fram kemur af málgögnum. Í matsgerðinni segir, að bréf lögreglustjórans í Reykjavík sé dagsett 26. mars 1984, og á henni kemur fram númerið 171. Enn fremur er vitnað í afrit af beiðninni, er fylgi. Verður því talið sannað, að matsgerðin eigi við rannsókn á blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða.

Í áðurgreindu svari Jóhannesar Bergsveinssonar yfirlæknis til ríkissaksóknara kemur fram, að ákærði var „í meðferð“ með nánar tilteknum lyfjum á þeim tíma sem hann var handtekinn. Í bréfi Þorkels Jóhannessonar til ríkissaksóknara, sem áður greinir, segir, að skammstöfunin ng/ml merki nanógrömm í millilítra og að 0,5 míkróg/ml séu sama og 500 ng/ml. Samkvæmt áðurgreindri matsgerð nr. 553 var í blóði ákærða 0,680 míkróg/ml af nordiazepamí auk 0,075 míkróg/ml af diazepamí, 0,044 míkróg/ml af trími-pramíni og 0,086 míkróg/ml af umbrotsefni þess, desmetyltrími-pramíni. Í niðurlagi matsgerðarinnar segir, að samanlagt kynnu lyf þessi að hafa gert hlutaðeigandi ófæran um að stjórna vélknúnu ökutæki. Í umsögn Magnúsar Jóhannssonar, sem áður getur, segir, að einstaklingar, sem hafa í blóði 0,5 míkróg/ml eða þar yfir af diazepamí, nordiazepamí eða af nítrazepamí eða af þessum efnum

samanlögðum, verði að teljast ófærir til að stjórna vélknúnu öku-tæki.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 12.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Egill Hinriksson Hansen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. apríl 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 3. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 192/1985: Ákærvaldið gegn Agli Hinrikssyni Hansen, sem tekið var til dóms 15. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. ágúst sl., á hendur ákærða, „Agli Hinrikssyni Hansen, bifreiðaviðgerðamanni, Ásvallagötu 29, Reykjavík, fæddum 1. nóvember 1929 í Hafnarfirði, fyrir að aka, fimmtudaginn 22. mars 1984, undir áhrifum lyfjanna Díazepam og Trímípramín, sem bæði eru deyfandi lyf, bifreiðinni R-44832 frá Höfðatúni 2, Reykjavík, upp á Ártúnshöfða og aftur að Höfðatúni 2.

Telst þetta varða við 2. mgr. 24. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu Sigurðar Sigurðssonar, lögreglumanns í Reykjavík, dagsettri 22. mars 1984, veitti hann ákærða athygli þann dag kl. 15:13, þar sem hann ók bifreiðinni R-44832 af Rauðarárstíg hér í borg inn á Skúlagötu. Samkvæmt skýrslunni var yfirbragð og útlit ákærða allt mjög deyfð-

arlegt og bar merki um einhvers konar annarleg áhrif. Var bifreiðinni veitt eftirför austur Skúlagötu og síðan norður Höfðatún að húsi nr. 2, þar sem ákærði stöðvaði bifreiðina. Átti ákærði erfitt með mál, er lögreglumadurinn fór að ræða við hann og var framburður hans allur þvoglulegur vegna máttleysis í munni og tungu. Ákærði var með í fórum sínum 2 töflur af librium, 25 mg, 2 töflur af surmontil, 25 mg, og 1 hylki af nobrium, 5 mg. Voru lyf þessi í plastpoka frá geðdeild Landspítala Íslands, en ákærði kvaðst vera á lyfjakúr frá geðdeildinni og sækja þangað lyf daglega. Kvaðst hann hafa tekið inn tvö hylki af nobrium um daginn, annað um morguninn, en hitt um kl. 14:00. Ákærði kvað, að ofangreint lyfjamagn væri sólarhringsskammtur fyrir sig, og kvaðst hann hafa tekið inn lyfin í um viku.

Ákærða var sama dag tekið blóð- og þvagsgýni til ákvörðunar á lyfjamagni í blóði. Í matsgerð Þorkels Jóhannessonar f.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 10. maí 1984, segir m.a. svo: „Klórdíazepoxíð var ekki í blóðinu. Í blóðinu var díazepam 75 ng/ml og nordíazepam 680 ng/ml. Í blóðinu var trímípramín 44 ng/ml og umbrotsefni þess, desmetýltrimípramín 86 ng/ml. Nordíazepam gæti hafa verið umbrotsefni díazepams. Hvort sem væri, var magn þess svo mikið í blóðinu, að það kynni að hafa valdið hlutaðeigandi verulegri slævingu. Trímípramín er geðdeyfðarlyf, er jafnframt veldur verulegri slævingu. Magn þess í blóðinu og umbrotsefni þess svarar til töku lítilla lækningarlegra skammta. Samanlagt kynnu þessi lyf þannig að hafa gert hlutaðeigandi ófæran um að stjórna vélknúnu ökutæki.“

Ákærði var yfirheyrdur af Arnari Jenssyni, varðstjóra hjá lögreglunni í Reykjavík, hinn 22. mars 1984. Í skýrslunni kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis, en hins vegar lyfja og finna lítilla til áhrifa þeirra. Ákærði kvaðst hafa sofíð um 7 klukkustundir nóttina fyrir aksturinn. Í skýrslu varðstjórans um útlit og önnur einkenni ákærða umrætt sinn segir, að áfengisþefur af andardrætti ákærða hafi enginn verið, andlitið hafi verið eðlilegt, en ákærði hafi verið syfjaður, augu verið dauf, rauð og blóðhlaupin, málfar þvoglulegt og stamandi og framburður ruglingslegur. Þessa skýrslu hefur varðstjórinn staðfest fyrir dómi.

Ákærði var yfirheyrdur hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 7. júní 1984. Ákærði kvaðst ekki hafa sofíð nokkra sólarhringa fyrir greindan akstur. Kvaðst hann hafa verið slæmur á taugum vegna mikils álags á vinnustað og væri það orsökinn fyrir svefnleysinu. Kvaðst ákærði hafa fengið fjórar svefntöflur hjá lækni á áfengisdeild Landspítalans hinn 20. mars þar á undan. Ákærði kvað, að þarna hafi verið um að ræða tvær tegundir lyfja, sem ákærði kvaðst ekki vita, hvað hétu. Kvaðst hann síðan hafa fengið annan skammt af lyfjum þessum dagana 21. og 22. mars 1984. Ákærði kvaðst hafa tekið inn eitt hylki af öðru lyfjanna að morgni 22.

mars 1984. Kvaðst hann ekki hafa fundið til áhrifa lyfja, er hann ók bifreið sinni umrætt sinn. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni frá Höfðatúni 2 hér í borg upp í Vöku við Ártúnshöfða og þaðan eftir Miklubraut að húsi við Flólagötu ásamt kunningja sínum, sem kallaður sé „Steini“. Þar kvaðst ákærði hafa náð í varahluti í bifreið, sem ákærði kvaðst hafa verið með í viðgerð fyrir nefndan kunningja sinn. Frá Flólagötu kvaðst ákærði svo hafa ekið bifreið sinni sem leið liggur eftir Flólagötu, Snorrabraut, Skúlatorgi, Skúlagötu og síðan að Höfðatúni 2. Ákærði kvaðst hafa tekið inn svefntöflu kvöldið fyrir aksturinn og hafi hann nánast rotast af töku þeirra og sofið um 5 klukkustundir um nóttina, en ákærði kvaðst hafa verið svefnlaus þar á undan í um hálfan mánuð.

Ákærði kom fyrir dóm 16. nóvember sl. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa lyfja við umræddan akstur, en hins vegar hafi hann lítið sem ekkert sofið sl. 10 sólarhringa fyrir aksturinn.

Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra vitna, sem yfirheyrð hafa verið vegna máls þessa.

Sigurður Friðrik Sigurðsson lögreglumaður var yfirheyrður hjá lögreglu 22. júní 1984 og kom fyrir dóm 28. nóvember sl. Vitnið kvaðst hafa veitt ákærða athygli, þar sem hann ók bifreiðinni R-44832 af Rauðarárstíg austur Skúlagötu. Virtist vitninu ákærði vera í „vægast sagt annarlegu ástandi“ og einnig mjög sljór. Vitnið kvað, að bifreið ákærða hafi verið veitt eftirför austur Skúlagötu og norður Höfðatún. Við Borgartún tók ákærði U-beyju og ók síðan suður Höfðatún inn á húsagötu og inn í sundið við Höfðatún 2, þar sem hann lagði bifreiðinni bak við hús. Vitnið gekk að ákærða, þar sem hann steig út úr bifreiðinni og ræddi við hann. Hélt vitnið í fyrstu, að ákærði væri dauðadrukinn, vegna þess hve þvoglumæltur hann var, en enginn áfengisþefur var af ákærða. Vitninu virtist ákærði ekki mjög óstöðugur í gangi, en svífaseinn. Hafi hann verið allur mjög slapplegur, drafað og verið þvoglumæltur og ekki haft vald á tungu sinni. Hafi það verið mat sitt, að ákærði hafi alls ekki verið hæfur til að stýra ökutæki, og hafi hann þess vegna verið færður fyrir varðstjóra. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neitt athugavert við aksturslag ákærða umrætt sinn.

Hans Markús Hafsteinsson lögreglumaður var yfirheyrður af lögreglu 11. júní 1984 og kom fyrir dóm 20. desembr sl. Vitnið kvaðst hafa veitt ákærða eftirför greint sinn, vegna þess hve vitninu fannst ákærði sljólegur við stýri bifreiðar sinnar, og fannst vitninu ástæða til að athuga ástand hans. Vitnið kvað, að ákærði hafi komið því þannig fyrir sjónir, að því virtist hann vera sljór, málfar hans þvoglulegt og munnur hans virtist þurr, þar sem hann hafi oft reynt að væta munninn með tungunni. Vitnið kvað það hafa verið samdóma álit lögreglumannanna, að ákærði hafi ekki verið hæfur til aksturs og hafi hann því verið færður fyrir varðstjóra.

Arnar Jensson lögregluvarðstjóri var yfirheyrður hjá lögreglu 25. júní 1984 og kom fyrir dóminn 20. desember sl. Vitnið kvað, að ákærði hafi komið því þannig fyrir sjónir, að hann hafi verið sljór, syfjaður og kærulaus. Virtist vitninu hann bera merki þess að hafa neytt róandi lyfja. Vitnið kvað það hafa verið eindregið álit sitt, að ákærði hafi verið óhæfur til að aka bifreið í því ástandi, sem hann var umrætt sinn.

Þorsteinn Kristjánsson verkamaður, Flókagötu 39 hér í borg, var yfirheyrður fyrir dómi hinn 15. mars sl. Kvað vitnið, að ákærði hafi ekið frá verkstæði vitnisins að Höfðatúni 2 hér í borg og upp í Vöku að Ártúns-höfða og þaðan aftur að verkstæði vitnisins. Minntist vitnið ekki annars en ákærði hafi komið sér „ósköp venjulega fyrir sjónir“ og kvaðst ekkert hafa séð athugavert við akstur hans.

Niðurstöður.

Með framburði vitnanna Sigurðar Friðriks Sigurðssonar, Hans Markúsar Hafsteinssonar og Arnars Jenssonar og með stoð í framangreindri matsgerð Þorkels Jóhannessonar f.h. Rannsóknastofu í lyfjafræði svo og framburði ákærða sjálfs verður að telja sannað, að ákærði hafi umrætt sinn verið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika vegna svefnleysis og lyfjaneyslu, að hann hafi eigi verið fær um að stjórna ökutæki á tryggilegan hátt. Hefur ákærði með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 24. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur í 10 daga varðhald hinn 14. desember 1965 fyrir brot gegn 25. og 26. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga og sviptur ökuréttindum eitt ár frá dómsuppsögu. Þá sættist ákærði hinn 30. júní 1978 á greiðslu 80.000 króna sektar og að vera sviptur ökuleyfi 12 mánuði frá 28. mars 1978 fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaganna.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8.000 króna sekt, sem gjaldist til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en afplánist ella með 8 daga varðhaldi.

Þá þykir rétt að taka til greina kröfur ákæruvaldsins um að svipta ákærða ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaganna. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 178. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga, frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að þessu leyti.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 10.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Egill Hinriksson Hansen, greiði 8.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi 8 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., krónur 10.000.

Þriðjudaginn 17. desember 1985.

Nr. 20/1984. **Elva Björg Georgsdóttir og**

Sigurþóra Stefánsdóttir

(Jón G. Briem hdl.)

gegn

Tómasi Marteinnssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Myndbönd. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjendur, sem skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1984, gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Upplýst er, að verulegur hluti af þeim 240 myndbandaspólum, er stefndi seldi áfrýjendum með kaupsamningi 1. apríl 1982, hafi verið eftirtökur, en ekki frumgerðir. Samkvæmt 1. gr. 2. mgr. höfundalaga nr. 73/1972 njóta kvikmyndir verndar að höfundarétti,